

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 76/1969. **Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f**  
(Jóhann Gunnar Ólafsson hrl.)

gegn  
**Pálma Karlssyni**  
(Gunnar Jónsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Vinnulaun. Sjóveð. Fjárnám.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi var lögskráður II. stýrimaður á skipi áfrýjanda, v/b Akurey, RE 6, eins og í héraðsdómi greinir. Um kaup stefnda og kjör fór því eftir ákvæðum sammings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stéttarfélaga skipstjóra og stýrimanna, sem í héraðsdómi getur, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, og svo sjómannaölögum nr. 67/1963. Eftir á hefur stefndi ekki gefið upp rétt sinn samkvæmt greindum ráðningarkjörum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera öröskuð.

Áfrýjandi, Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f, greiði stefnda, Pálma Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. janúar 1969.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Pálmi Karlsson sjómaður, Kvisthaga 17, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 22. apríl 1966, gegn Einari Sigurðssyni útgerðarmanni, Bárugötu 2, Reykjavík, fyrir hönd Hraðfrystistöðvarinnar h/f í Reykjavík, Slipphúsinu við Mýrar götu, Reykjavík, til greiðslu á eftirstöðvum stýrimannshlutar o. fl. samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 147.406.42 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1965 til greiðsludags og málskostaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Akurey, Reykjavík, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að um miðjan maímánuð 1965 hafi hann verið ráðinn II. stýrimaður á m/b Akurey til síldveiða. Hafi hann þá nýlokið prófi, fiskimannaprófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík, en vantað tvo til þrjá mánuði á siglingatímamann til að hafa full réttindi sem stýrimaður. Stefnandi kveðst hafa útvegað sér undanþágu í samgöngumálaráðuneytinu til að vera II. stýrimaður á m/b Akurey og sé undanþágan útgefin 21. maí 1965. Stefnandi kveðst síðan hafa verið II. stýrimaður á nefndum báti og verið skráður á bátinn 25. maí og hafi hann verið II. stýrimaður á bátnum, þar til hann veiktist hinn 21. júlí 1965. Kveðst stefnandi síðan hafa verið óvinnufær vegna veikinda frá 21. júlí til 24. september 1965, en hann hafi verið afskráður 9. ágúst 1965. Stefnandi segir, að samkvæmt viðskiptareikningi, er hann hafi fengið frá stefnda, dagsettum 23. nóvember 1965, sé honum aðeins reiknaður hásetahlutur, og það aðeins frá 25. maí til 17. ágúst 1965, en stefnandi telur sig eiga rétt á II. stýrimannshlut, sem sé  $1\frac{1}{4}$  hlutur háseta, og eigi hluturinn að reiknast frá 25. maí til 21. september, með því að hann eigi rétt á tveggja mánaða kaup, frá því að hann veiktist, samkvæmt kaup- og kjarasamningum, sbr. 18. gr., 3. mgr., sjómannalaga nr. 67/1963. Kveður stefnandi eftirstöðvar hlutar síns nema kr. 147.406.42 og sé þá búið að draga frá sparimerki, kr. 10.260.00, sem enn liggi inni á skrifstofu stefnda og ekki hafi verið sótt.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, Pálmi Hannes Karlsson, hefur komið fyrir dóm í

máli þessu hinn 12. október 1966 og staðfest þar málavaxtalýsingu úr stefnu sem sannleikanum samkvæma. Hann skýrir svo frá, að hann og Kristbjörn Árnason hafi um áramótin 1964—1965 verið saman í Stýrimannaskólanum og þá hafi borizt í tal á milli þeirra, að Kristbjörn ætlaði að vera með bát um sumarið, og hafi hann viljað fá stefnanda með sér. Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að hann vildi þá vera ráðinn sem stýrimaður, og hafi Kristbjörn sagt, að hann mundi geta fengið að vera skráður sem II. stýrimaður. Síðan hafi það komið til tals, að stefnandi yrði með bát og hann hafi verið búinn að ráða til sín áhöfn, en þá hafi sá, sem áður var með bátinn, hætt við að segja upp bátnum. Stefnandi kveðst hafa skýrt Kristbirni frá þessu og hafi hann þá sagt, að hann skyldi koma til sín og vera skráður sem II. stýrimaður. Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að hann vildi fá  $1\frac{1}{4}$  hlut. Kristbjörn hafi þá sagt honum, að það hlyti að vera í lagi og hann skyldi fara með honum suður. Þegar suður hafi komið, hafi þeir hjá útgerðinni sótt um undanþágu fyrir hann.

Með stefnanda til að fá undanþáguna hafi verið Þórhallur nokkur frá útgerðinni. Hann hafi sagt við stefnanda, að ekki hafi verið meiningin að hafa tvo stýrimenn á bátnum og hann teldi stefnanda frekan. Stefnandi segir, að hann haldi, að Þórhallur hafi verið að sveigja að því, að stefnandi hefði farið fram á  $1\frac{1}{4}$  hlut. Stefnandi segist hafa haldið, að það væri útrætt mál milli Kristbjarnar og útgerðarinnar, að hann fengi  $1\frac{1}{4}$  úr hlut. Kveðst hann hafa átt uppástunguna að því við Kristbjörn, að hann hefði tvo stýrimenn, eins og þá hafi verið orðið algengt með marga báta vegna hins langa úthalds. Kristbjörn hafi þá ekki verið búinn að ráða þetta við sig. Stefnandi kveðst hafa staðið vaktir á móti skipstjóranum og stýrimanninum. Skipstjórinn hafi þó staðið flestar vaktir. Skipting vaktanna hafi verið óregluleg milli þeirra, allir hafi verið uppi, þegar verið var að veiða, síðan hafi sá, sem síðast stóð vakt fyrir veiðarnar, fengið að hvíla sig. Stefnandi kveðst hafa staðið vaktirnar, meðan hinir tveir sváfu. Stefnandi segir, að skipstjórinn hafi frekar ræst stefnanda á vakt heldur en I. stýrimann og hafi það gengið svo langt, að I. stýrimaður hafi sofíð með vekjaraklukku undir koddanum, til þess að ekki væri gengið fram hjá honum. Stefnandi segir, að I. stýrimaður hafi slasast og hafi hann þá staðið einn vaktir á móti skipstjóranum. Stefnandi kveður það ekki vera skyldu að hafa tvo stýrimenn á báti af stærð Akureyjar. Hann segir, að það hafi vakað fyrir sér með því að vera ráðinn sem II. stýrimaður

á bátinn að fá hærra kaup og sem fyrst tilskilinn siglingatíma til að öðlazzt viðurkenningu.

Stefnandi kveður sjúkdóm þann, sem hafi bagað sig, hafa verið bólgur í baki og öxlum og upp í hnakkann, hann hafi verið slæmur í höfði og sé varla orðinn góður enn, er skýrsla þessi var af honum tekin. Stefnandi segir, að læknar hafi sagt sér, að þetta væru ekki sömu veikindin og hann hafi haft haustið 1964, en þá hafi hann legið á Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík í sex vikur. Þegar hann hafi verið útskrifaður, hafi honum verið sagt að taka það rólega fram að jólum. Hann hafi farið í rannsókn rétt fyrir áramótin 1964—1965 og læknar þá sagt honum, að hann væri fullfrískur. Stefnandi segir, að þegar hann veiktist í fyrra skiptið, hafi hann verið á m/b Engey, sem sé í eigu sömu útgerðar og Akurey. Kristbjörn hafi verið með honum á Engey. Stefnandi kveðst hafa stundað alls konar atvinnu frá september 1965, þ. á m. sjómennsku á smábátum. Hann kveðst nú, er skýrsla þessi var af honum tekin, vera að fara sem háseti á síldveiðar.

Kristbjörn Þór Árnason hefur komið fyrir dóm í máli þessu sem vitni hinn 8. apríl 1967, og hefur hann kannazt við að hafa gefið vottorðið á dskj. nr. 11 og segir það rétt. Vitnið gerir þær athugasemdir við framburð stefnanda frá 12. október 1966, að stefnandi hafi beðið hann að skrá sig sem II. stýrimann, stefnandi hafi áður margsinnis beðið vitnið að ráða sig sem stýrimann, er þeir hafi verið saman í skóla. Vitnið segir, að stefnandi hafi sagzt ekki taka fyrir það að vera II. stýrimaður, en mundi vinna sem háseti og mætti vitnið biðja hann að standa vaktir, hann mundi ekki taka sérstaklega fyrir það. Vitnið kveðst hafa sagzt útgerðinni þetta, en þegar komið hafi verið að því að skrá stefnanda sem II. stýrimann, hafi komið í ljós, að hann hafi ekki haft réttindi sem stýrimaður, og hafi útgerðin fengið undanþágu fyrir hann, en stefnandi hafi verið lengi hjá þessari útgerð. Vitnið segir, að það hafi komið fyrir tvisvar eða þrisvar sinnum, að hann hafi beðið stefnanda að standa vaktir. I. stýrimaður hafi slasazt á hendi á tímabilinu og hafi stefnandi þá leyst hann af, og kveðst vitnið ekki vita betur en gert hafi verið upp við stefnanda sem I. stýrimann það tímabil, en það hafi verið um stuttan tíma. Þegar stefnandi hafi orðið veikur, kveðst vitnið hafa látið hann fá kr. 10.000.00 og sagt honum að fara til lækna þeirra, sem áður hafi stundað hann í Reykjavík. Hann gæti svo tekið út hjá útgerðinni þar, það sem hann ætti inni. Stefnandi hafi í stað þess farið til Húsavíkur til lækninga, en þegar bátinn hafi

komið seint, hafi hann farið suður. Hafi þá komið í ljós, að lækna- á Húsavík höfðu greint sjúkdóm stefnanda skakkt. Vitnið kveðst aðspurt álíta, að það hafi ekki verið algengt, að tveir stýrimenn væru ráðnir á bát sem Akurey, en Akurey hafi verið 251 tonn á þessum tíma, nú hafi skipið verið lengt. Einhver brögð hafi því verið að því, að tveir stýrimenn væru ráðnir á skip af þessari stærð. Vitnið kveðst aðspurt ekki muna eftir því til þess að geta farið með það fyrir víst, hvort ætlunin hafi verið, að skipshöfnin tæki frí til skiptis. Af þessu tilefni fullyrðir vitnið, að það hafi eingöngu verið fyrir greiðasemi við stefnanda, að hann var skráður sem II. stýrimaður. Vitnið kveðst aðspurt hafa verið lengi í þjónustu þessarar útgerðar og vera núna skipstjóri á Örfirisey.

Vitnið Björn Halldórsson, sem kom fyrir dóm í máli þessu sama dag og vitnið Kristbjörn Þór Árnason, hefur staðfest vottorðið á dskj. nr. 11 og kveðst hafa gefið það ásamt Kristbirni Árnasyni. Vitnið kveðst ekki hafa fylgzt með ráðningu Pálma, þ. e. stefnanda, en Kristbjörn hafi sagt sér frá því, að Pálmi yrði skráður sem II. stýrimaður, til þess að Pálmi öðlaðist fyrr réttindi. Vitnið kveðst einnig hafa það eftir Kristbirni, að Pálmi hafi verið ráðinn sem háseti, þótt hann væri skráður sem stýrimaður. Vitnið segir, að Pálmi hafi gengið vaktir á móti þeim Kristbirni, t. d. á landleið og eins þegar leitað var að síld, en við veiðar séu allir vakandi og engin vakt. Vitnið kveðst um tíma hafa verið í landi vegna meiðsla á hendi. Það hafi verið um vikutíma. Á meðan hafi Pálmi gengið vaktir á móti skipstjóranum. Aðspurt kveðst vitnið hafa vitað til þess, að tveir stýrimenn væru ráðnir á bát á stærð við Akurey á þessum tíma, en ekki viti það, hvort það hafi verið algengt. Vitnið tekur fram, að það viti til þess, að háseti, sem hafi réttindi, hafi tekið að sér vaktir, er mikið var að gera á báti þeim, sem viðkomandi háseti var á. Pálmi hafi alveg staðið á móti þeim Kristbirni. Vitnið segir það hafa staðið til þetta sumar, að skipshöfnin færi til skiptis í frí. Pálmi hafi átt að fara fyrstur og þegar hann hafi farið frá borði, hafi hann ekki verið það veikur, að hann væri talinn fara í vikufrí, en þegar dregizt hafi, að hann kæmi aftur, hafi það runnið út í sandinn, að frí væru tekin. Vitnið segir, að aðeins hafi verið ráðin lögleg tala á bátinn. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að maður væri ráðinn í staðinn fyrir Pálma. Aðspurt af lögmanni stefnanda segir vitnið, að dskj. nr. 11 sé samið af þeim Kristbirni í sameiningu með aðstoð lögfræðings. Vitnið segir aðspurt, að

það hafi verið um þrjú ár í þjónustu viðkomandi útgerðarfyritækis og sé það enn sem stýrimaður á bátnum Örfirisey. Vitnið segir, að þeir Kristbjörn hafi staðið vaktir til skiptis, eftir að Pálmi fór af bátnum, og enginn leyst þá af. Vitnið kveðst ekki hafa rætt um ráðningu Pálma við hann sjálfan, en staðið í þessari meiningu eftir viðræður við Kristbjörn fyrir vertíðarbyrjun. Vitnið kveðst álíta, að öll áhöfnin mundi staðfesta það, að þeir hafi staðið í þeirri meiningu, að Pálmi væri aðeins skráður sem II. stýrimaður, en ráðinn sem háseti.

Hafa nú verið raktir framburðir aðilja og vitna í málinu.

Eins og þegar er fram komið, reisir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi verið ráðinn II. stýrimaður á umræddan bát, m/b Akurey, og beri honum því kaup samkvæmt því, þ. e. II. stýrimannshlutar, eða  $1\frac{1}{4}$  hásetahlutar.

Stefndi hins vegar styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi raunverulega verið ráðinn háseti, en í greiðaskyni og samkvæmt ósk hans hafi hann verið skráður II. stýrimaður á bátinn, þrátt fyrir það að það væri engin skylda að hafa tvo stýrimenn á báti af þeirri stærð, sem hér um ræðir.

Svo sem fram kemur í gögnum málsins, er málið fyrst og fremst af því risið, að aðiljar eru eigi á eitt sáttir um það, með hvaða kjörum stefnandi hafi verið ráðinn á m/b Akurey, og stendur þar raunar staðhæfing gegn staðhæfingu, þ. e. stefnanda og skipstjóra, þar sem stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið ráðinn sem II. stýrimaður og eigi þá að sjálfsögðu að fá kaup sem slíkur, en skipstjórinn telur hann hins vegar raunverulega hafa verið ráðinn sem háseta og beri honum því aðeins hásetakaup, þrátt fyrir það að hann væri skráður sem II. stýrimaður. Framburður vitnisins Björns Halldórssonar sker ekki úr um þetta, þar sem vitnið kveðst ekki hafa fylgzt með ráðningu stefnanda, heldur hafa sínar upplýsingar um ráðninguna eftir skipstjóranum.

Þykir því verða að leggja til grundvallar um þetta atriði vottorð lögskráningarstjórans í Reykjavík, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 6 í málinu, en þar segir, að stefnandi, Pálmi Karlsson, hafi verið skráður II. stýrimaður á m/b Akurey, RE 6, 25. maí til 9. ágúst 1965, enda brestur fyrir því sannanir af hálfu stefnda sem fyrr segir, að stefnandi hafi raunverulega verið ráðinn sem háseti. Samkvæmt þessu ber stefnanda því kaup II. stýrimanns, eins og það er ákveðið samkvæmt sjómanna­lögum og kjarasamningum. En samkvæmt 3. mgr. 18. gr. sjómanna­laga

nr. 67/1963 á skipverji, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, rétt til kaups allt að tveim mánuðum, sé um að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskreytamann. Og samkvæmt síldveiðisamningi, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 14, 2. gr., staflið b, skal stýrimaður aldrei hafa minna en 1¼ hásetahlut auk kr. 425.00 í kaup á mánuði, sbr. staflið d sömu greinar.

Samkvæmt þessu telur stefnandi sig eiga inni hjá stefnda kr. 147.406.42, sbr. sundurliðaðan reikning á dskj. nr. 3.

Undir rekstri málsins upplýstist hins vegar, að stefnandi hefur byrjað að vinna annars staðar 20. september 1965, sbr. dskj. nr. 13, og styttist því tíminn um tvo daga, sem reikna ber honum kaup frá stefnda.

Á dómsskjali nr. 17 liggur fyrir hlutaútreikningur fyrir umrætt tímabil, en samkvæmt honum á stefnandi rétt til kaups sem hér segir:

1¼ hásetahlutur 25. maí til 19. september incl. . . . .	kr. 207.634.03
7% orlof . . . . .	— 14.554.38
Fastakaup samkvæmt reikningi . . . . .	— 1.656.80
Úttekið:	
Peningar . . . . .	kr. 50.026.20
Opinber gjöld . . . . .	— 22.168.00
Sparimerki . . . . .	— 10.260.00
Fæði samkvæmt reikningi . . . . .	— 5.000.00
	<hr/>
	Kr. 87.454.20 Kr. 223.825.21
Mismunur . . . . .	— 136.371.01
	<hr/>
	Kr. 223.825.21 Kr. 223.825.21

Ber því stefnda að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð, kr. 136.371.01, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og á stefnandi sjóveðrétt í m/b Akurey, RE 6, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda og lögræðingi, og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

## Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f, greiði stefnanda, Pálma Karlssyni, kr. 136.371.01 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 22.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Akurey, RE 6, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 17. apríl 1969.**

Ár 1969, fimmtudaginn 17. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Austurstræti 17 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgar-fógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-677/1969: Pálmi Karlsson gegn Hraðfrystistöðinni í Reykjavík.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur nr. 47/1966. Nr. 1 og 2 fylgir með í eftirriti, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Gunnars Jónssonar lögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 136.371.01 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 250.00, kr. 22.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, en fyrir hann mætir Kristjana Björnsdóttir, sem starfar hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í m/b Akurey, RE 6, sem stendur að sjóveði fyrir ofangreindum skuldum samkvæmt rskj. nr. 2.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.